

**Nd.**

**665. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 296 [Hafnarlög Siglufjarðar].

Frá Garðari Þorsteinssyni.

Meginmál till. orðist þannig:

Bæjarstjórn Siglufjarðar skal heimilt að ákveða hækkun á núverandi vörugjaldi um allt að 100% af sildarmjöli, sildarolíu og fiskimjöli, og um 50% af öðrum vörum. Þó er bæjarstjórn heimilt að undanskilja sérstakar vörur frá hækkuninni. Gengur hækkun þessi til nauðsynlegra útgjalda bæjarsjóðs. Verði samþykkt lög um nýja tekjustofna kaupstaða og sveita, skal þessi heimild falla niður við gildistöku þeirra laga.